

Miðvikudaginn 19. febrúar 1947.

Nr. 140/1946. **Valdstjórnin** (Hrl. Egill Sigurgeirsson)

gegn

Eiríki Símonarsyni Beck

(Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Um öflun gagna í lögreglumáli.

Úrskurður hæstaréttar.

Rétt þykir, að háð verði rækilegri rannsókn í máli þessu, áður en dómur gengur í því í hæstarétti.

Kærði er sóttur til refsingar vegna aksturs bifreiðar með áhrifum áfengis hinn 9. marz 1946. Honum var þá tekið blóð af Birni Guðbrandssyni lækni, og var það merkt nr. 1561. Þann 22. s. m. gaf Jóhann yfirlæknir Sæmundsson vottorð þess efnis, að áfengisákvörðun á blóði, merktu nr. 1561, hafi sýnt „reduction“, er samsvari áfengismagni 2,51 ‰. Verjandi kærða hefur staðhæft það í vörn sinni, að blóð það, sem Jóhann yfirlæknir rannsakaði, geti ekki verið úr kærða, þar sem hann hafi ekki neytt áfengis í þeim mæli á þeim tíma, er hér skiptir máli, að ofangreint áfengismagn hafi verið í blóði hans. Það þykir varhugavert að ganga fram hjá þessari staðhæfingu verjanda. Ber því að láta fram fara rækilega athugun á því, hver háttur var hafður við blóðtöku úr kærða. Er rétt að lögreglumaður sá eða lögreglumenn þeir, sem fóru með kærða til blóðtöku, séu spurðir um það, hvaða varúðarreglum hafi verið beitt til þess að afstýra því, að blóðúrtak kærða ruglaðist saman við blóðúrtak úr öðrum mönnum. Svo skal og spurt um, hvernig hagað hafi verið geymslu á blóðinu og hverjir hafi farið með það til Jóhanns yfirlæknis Sæmundssonar til rannsóknar. Þá skal og læknir sá, sem framkvæmdi blóðtökuna, spurður um þann hátt, er hann viðhafði við hana, og hvort skráð sé í bækur á Landspítalanum um framkvæmd blóðrannsókna. Leitt skal og í ljós, hver meðferð sé almennt höfð á blóði,

sem tekið er úr mönnum til áfengisákvörðunar, til þess að tryggja það, að ekki verði villzt á blóðúrtökum.

Loks ber að rannsaka annað það, sem framhaldsrannsóknin veitir efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómara ber að heyja framangreinda rannsókn.

Föstudaginn 21. febrúar 1947.

Nr. 43/1946. Réttvísinn og valdstjórnin

(Hrl. Guttormur Erlendsson)

gegn

Páli Melsted,

Elínu Guðrúnu Vigfúsínu Melsted

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

og Péttri Eggerz-Stefánssyni

(Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Brot gegn verðlags- og gjaldeyrislöggjöf.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu hinna ákærðu af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Samkvæmt rökum þeim, er í héraðsdómi greinir, hafa ákærðu Páll Melsted og Pétur Eggerz-Stefánsson gerzt sekir við þau ákvæði verðlagslaga og verðlagsreglna svo og gjaldcyrslaga, sem greind eru í hinum áfrýjaða dómi.

Ákærða Elin Guðrún Vigfúsína Melsted var ein af stjórnarmönnum h/f G. Helgason & Melsted. Verður að gera þær kröfur til hennar, að hún aflaði sér vitneskju um rekstur félagsins í höfuðdráttum. Átti henni því að vera kunnugt um verðlagsbrot félagsins, sem framið hafði verið að staðaldri um langan tíma. Verður þess vegna að telja,